

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Móa, áfangi II, nýtt deiliskipulag.

Á bæjarstjórnarfundum 4. september 2023 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss nýtt deiliskipulag fyrir Móa, áfangi II á svæði sem í aðalskipulagi er merkt ÍB8 og VP2. Skipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúða í rað-, par- og fjölbýlishúsum auk þess sem gert er ráð fyrir hóteli á verslunar- og þjónustulóð nyrst á svæðinu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Gljúfurárholt, land 13-14, breyting á deiliskipulagi.

Á bæjarstjórnarfundum 24. apríl 2023 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss breytingu á deiliskipulagi á Gljúfurárholti 13-14. Deiliskipulagið felur í sér auknar uppbyggingarheimildir í samræmi við aðalskipulag. Deiliskipulagi lóðanna var nýlega breytt þannig að nýtingarhlutfall yrði allt að 0,072 en með þessari breytingu er það aukið enn frekar.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hafnarskeið 12, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Á bæjarstjórnarfundum 25. janúar 2024 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss óverulega breytingu á deiliskipulagi á lóðinni Hafnarskeiði 12. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits en hámarksnýtingarhlutfall lóðar helst óbreytt.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 8. febrúar 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasvið.